

47 KONUR OG EIN LIST

Listisýning norrænna kvenna að Kjarvalsstöðum

Pá er hún loksins komin til Kjarvalsstaða, kvennasýningin mikla sem ferðast hefur um Norðurlönd undanfarnin misseri. Af blaðum-sögnum að dæma hafa menn ekki verið á eitt sáttir um forsendur og tilgang þessarar sýningar. Ekki þarf langa göngu um hana til að geta sér til um ástæður þeirrar miskliðar.

Sýningin hangir nefnilega ekki saman, hvernig sem á hana er litið. Af hverju þurftu norrænir konur endilega að sýna saman? Í formála sýningarsskrár er hitt og þetta gefið í skyn en fátt fullt. Sumum finnst norræn kvennasýning bara góð hugmynd. Aðrir telja að slík fyrirtæki efla samstöðu kvenna og geri þeim kleift að gera opinskáar tilfinningar sem hingað til hafi verið bældar eða taldar óæskilegar — væntanlega í heimi karlanna.

Leitað með logandi ljósi

Ahorfandinn lætur sér detta í hug að þær tilfinningar varði sérstaka upplifun kvenna, reynslu þeirra af barnburði, barnauppleði, kynlífi, svo og sérstakt sjónhorn þeirra í daglegu lífi. Af nógu er að taka.

Ahorfandinn leitar þessara forboðnu tilfinninga með logandi ljósi en rekst (með örfáum undantekningum) á verk sem gætu allt að einu verið eftir karlmenn. Og sá sem þetta skrifar er ekki einn um þá „glámsýni“ því sænski gagnrýndur taka í samá streng.

Á sýningin þá að sýna og sanna að engan greinarmun sé hægt að gera á list karla og kvenna? Að einungis sé hægt að tala um góða list og vonða? Þetta gefur sænska listakonnan Lenke Rothman reyndar í skyn í greinarstúf sínum sem er eins og svolítið á skjön við aðra texta í sýningarsskránni.

Mismunandi þróunarstig

Pá hefur a.m.k. öðrum fæti verið kippt undan fyrirtækinu og við sitjum einfaldlega uppi með óskipulega norræna myndlistarsýningu. Sú sýning er svo allsendis ófullkomin því á hana vantar náttúrlega karlpening-



Pirkko Valo — Vinurinn eini.

inn, svo og alla þá sem vinna með öðrum hætti en á léreft og pappír. Að því ég best veit eru það einmitt konur í síðarnefnda flokknum sem lagt hafa áherslu á hið „kvenlega sjónarmið“ síðastliðin ár, einkum í Bandaríkjunum (Judy Chicago, Mary Beth Edelson o.fl.) og kunnugt er mér um nokkrar slíkar á Norðurlöndum.

Ekki er heldur skýrt hvað réð vali einstakra listakvenna á sýninguna, nema hvað þær áttu allar að sýna „mismunandi þróunarstig og stilbrigði í myndlist kvenna“. Þessar forsendur eru svo loðnar að þær eru nánast meiningarlausar, auk þess sem þær gefa til kynna að öll myndlist kvenna á Norðurlöndum í dag, þ.á.m. nýlist, hafi verið tekin til athugunar.

Hvernig sem valið er grundvallað er það skelfing gloppótt. Þarna eru afbragðsmýndir jafnt sem firna slæm verk næstum hlið við hlið.

Er konum mismunandi í myndlist?


Var þá þessi kvennasýning dauðadæmd frá upphafi? Alls ekki. Aðstandendur hennar þurftu einfaldlega að setjast niður í upphafi og negla niður markmið hennar.

Fyrir röskum tíu árum hefði tiltölulega opin kvennasýning af þessu tagi hugsanlega komið að gagni með því að hleypa kjarki í ungarlistakonur og hvetja þær til að gerast virkir þátttakendur í myndlistarlífinu. Nú veit ég ekki til þess að konum sé neins staðar mismunandi í myndlist sökum kynferðis og hér á landi eru þær í meirihluta í mörgum listsam-tökum: Íslenski grafík, Textílfélaginu, Félagi leirlistarmanna og í virðingarstöðum í Félagi íslenskra myndlistarmanna. Í dag er hætt við að ungun listakonum þyki svona sýning bera vott um beyg — hræðslu við samunburð.

Hið kvenlega sjónarmið

Allt um það held ég að norræn kvennasýning hefði getað gegnt mikilvægu hlutverki ef henni hefði verið beint í ákveðinn farveg eða vegi, t.a.m. ef listakonunum hefði verið gert að fjalla um ýmis þau mál sem brenna á konum í nútíma þjóðfélagi. Þá hefði a.m.k. verið hægt að ganga úr skugga um eðli hins „kvenlega sjónarmiðs“ í myndlist. En er öll myndlist „samt ekki þýðingarmest er hún losnar úr viðjum kynferðis, þjóðernis og tíðarandans og tjáir eilíf og algild sannindi um mannskepnuna í fortíð, nútíð og framtíð? Afstaða fólks til lífs og dauða, sprengjunnar, sorgarinnar og fleira getur varla ráðist af kynferði.

En þótt hér hafi margt verið sagt um vankanta þessarar kvennasýningar þá er hún fyllilega heimsóknar virði þar sem á henni eru margir ágætir listamenn. Þó að varla sé hægt að nota þjóðernishugtakið að gagni hér þá er samt áberandi hve íslensku listakonurnar mynda sterka heild, út frá gæðum eingöngu. Finnsku listakonurnar virðast einnig setja markið hátt, ásamt með þeim norsku, en Danir og Svíar eru áberandi slakir.



Valgerður Bergsdóttir — Einn sinni var, teikning, 1979.



Birgit Stahl-Nyberg — Málverk.

Góð vísa


Sjálfum fannst mér mikið til Kirsti Muionen og Ullu Rantanen frá Finnlandi, þótt gjörólikar væru þær. Björg Holene, Kari Rolfsen og Mette Schau fannst mér bera af norsku listakonunum sem margar hvarjar eru ansi munklegar. Eitthvað virðist einnig vera að gerast í myndum Tonje Ström þótt ég átti mig ekki alveg á áformum hennar. Í sænsku deildinni hafði ég mesta ánægju af finlegum súrrealisma Theu Ekström og smá-gervum náttúrútdíum Ingegard Möller.

Í íslensku deildinni er að visu ýmslegt sem hér hefur verið til sýnis áður en góð vísa o.s.frv. Skáldfuglamyndir Valgerðar Bergsdóttur vinna á við endurfundi, svo og myndir Eddu, en þær Borghildur og Bergljót koma skemmtilega á óvart. Borghildur gerir meinfyndnar myndir með konsept-ívaði en Bergljót virðist ætla sér að komast út fyrir ramma málverksins, færa það út á gólf, út á brúshluti o.fl. Þar sem ég þekki ekki önnur verk hennar treysti ég mér ekki til að spá frekar í framlag hennar hér.


Norrænu kvennasýningunni lýkur svo þann 26. apríl nk. -AI.

Myndlist

ADALSTEINN
INGÓLFSSON



Kirsti Muinonen — Tvö málverk.



Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói 9. apríl.
Stjórnandi: Páll Pampichler Pálsson.
Einleikari: Karel Sneeberger.
Efnisakr: Ingvar Lidholm: Greetings from an old World; Thorbjörn Lundquist: Flöklukonert, Fantasia Pragense; Jean Sibelius; Sinfónía nr. 1 (e-moll opus 39).

Gamalt eða nýtt!

Kveðjur úr gömlum heimi, þá væntanlega til nýs heims, er titillinn á verki Ingvars Lidholms á verki sem hann samdi eftir þöntun The Clarion Music Society í tilefni 200 ára afmælis Bandaríkjanna árið 1976. Verk Lidholms reyndist þörf áminning um hversu afstæð hugtökin gamalt og nýtt eru. Nú veit ég ekki hvort það hefur vakað fyrir höfundinum að sýna fram á hversu hröð öldrun getur orðið í gamla heiminum þegar nútímamúsík er annars vegar, en þannig barst mér verkið alla vega til

eyrna. Helst gladdi það eyrað að heyra Pétur Þorvaldsson leika selló-einleiksbúttinn einstaklega ljúflega. Hljómsveitin spilaði annars þetta heldur gamaldags nútímastykki ágætlega.

Hugþekkur leikur

Fantasia Pragense reyndist nútíma- verk af allt öðrum toga spunnið þó að líka sé þöntunarverk. Þar reyndist hver tónn, hver hending þaulhugaður hluti fagurrrar heildarmyndar. Einleikshlutverkið sprettur eðlilega

upp úr hljómsveitarþættinum. Þannig stóð öðlingurinn Sneeberger miklu fremur eins og konsertmeistari fyrir framan hljómsveitina en einhver djöflatrillufiðlari sem hefur hana fyrir undirleikara. Um snilli hans

efast enginn sem heyrði hann leika í Háskólabíói. Í höndum Sneebergers, Páls Pampichler og hljómsveitarinnar var Fantasia Pragense eitt hugþekka nútímaverk sem ég hef lengi heyr.

Tónlist

EYJÓLFUR
MELSTED



Misjafnir tónleikar

Barátta ljóss og skugga

Að síðustu þrúmaði hljómsveitin fyrstu sínfóníu Sibelíusar yfir áheyrendum. Margt lék hún laglega og ekki vantaði kraftinn. En þó urðu ýmsir hnökur til þess að spilla fyrir því að flutningurinn teldist fyllilega góður. Flauturnar voru til dæmis ekki samstiga óbónum nokkur augnablik í öðrum kaflanum og málmblásarar voru langt því frá nógu samtaka, sérstaklega í öðrum og þriðja kafla, og svo klúðruðu strengirnir pikkinu í lokin. En margt var líka vel gert — klarínettunir í upphafinu — víða gerðu hornin vel og í heildina tekið voru strengirnir góðir. Þannig: Tónleikar þessir voru misgóðir en þó held ég að björtu hliðarnar hafi borið af skuggahlíðunum. -EM.